

Ályktun frá félagsmönnum Kennarasambands Íslands sem starfa á Akranesi

- lögð fram fyrir fund bæjarstjórnar Akraness, 25.febrúar 2025

Kennrarar á Akranesi lýsa yfir miklum vonbrigðum með stöðu samningamála, og skora á Akraneskaupstað að beita sér innan Sambands íslenskra sveitarfélaga með það að markmiði að samningar náist og verði undirritaðir.

Árið 2016 var gert samkomulag þess efnis að laun á milli markaða yrðu jöfnuð og laun félagsfólks Kennarasambands Íslands væru metin til jafns við laun annarra sérfræðinga með sambærilega háskólamenntun á almennum markaði, í staðinn létu kennrarar eftir lífeyrisréttindi. Lífeyrisréttindin voru jöfnuð með snatri en eftir situr jöfnun á launaliðnum, og við þetta sættum við okkur ekki lengur og krefjumst þess að staðið verði við samkomulagið frá 2016.

Skerðing sem hefur orðið á þeim 9 árum á lífeyrisréttum kennara er óbætanleg en hægt er að taka skrefið í að breyta rétt.

Við lýsum yfir fullum stuðningi við aðgerðir Kennarasambands Íslands, og viljum jafnframt skora á Akraneskaupstað að sýna og sanna að Akranes sé sveitarfélag sem horfir til framtíðar og geri sitt til að liðka fyrir því að samningar verði kláraðir nú þegar, eða að öðrum kosti kljúfi sig frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga í kjaraviðræðum við kennara og geri sérsamninga við Kennarasamband Íslands.

Áfram kennrarar, fyrir framtíðina!

Trúnaðarmenn kennara á Akranesi